

MARK3AM05

Búið til: Sat, 18 Apr 2015 22:35:42 GMT

Titill

Markaðsfræði

Skammstöfun

MARK3AM05

Útgáfunúmer

4

Námsgrein

markaðsfræði

Viðfangsefni

almenn markaðsfræði

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

3

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Áfanginn miðar af því að nemendur nýti sér markaðsfræði og hugmyndafræði hennar, sem verkfæri til að markaðssetja vörur og þjónustu. Sérstaklega mikilvægi markaðsstarfs í síbreytilegu umhverfi og afstöðu fyrirtækja til ýmissa þátta í rekstri. Nemendur vinna út frá eigin viðskiptahugmynd og tileinka sér gagnrýna og skapandi lausnarhugsun og öðlast með því færni í að miðla eigin hugmyndum og skoðunum. Nemendur tengja saman hugmyndafræði markaðsfræðinnar og aðferðafræði við markaðssetningu eigin hugmyndar eða verkefnis og nýta við sölu, verðlagningu, vörupróun og kynningu.

Forkröfur

A.m.k. 5 einingar í eigin listgrein á 2. þrepi

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- tilgangi og hugmyndafræði markaðsfræðinnar
- þýðingu markaðsstarfs fyrir fyrirtæki og samfélög
- helstu þáttum almenns markaðsstarfs
- helstu hugtökum og hugmyndum varðandi vöru og vörupróun
- helstu samkeppnisformum og mikilvægustu atriðum samkeppnisgreiningar
- nýtingu mismunandi greiningartækja og vinnubragða við áætlanagerð
- gerð markaðs-, viðskipta- og kynningaráætlana
- nýtingu helstu markaðsmiðla í nær-og fjarsamfélagi
- mikilvægi á góðri skipulagningu og skrásetningu við framkvæmd verkefna
- hugmyndum um kaupvenjur á neytendamarkaði og fyrirtækjamarkaði

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- virkja hugmyndaflugið og þróa eigin hugmyndir og verkefni
- nýta sér hugmyndafræði og aðferðafræði markaðsfræðinnar við markaðssetningu á eign verkum og hugmyndum
- kynna eigin hugmyndir og verkefni og tjá sig um eigin verk og annarra

- stunda markvissa skýrslugerð
- gerð markaðs-, viðskipta- og kynningaráætlana

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera markaðs-, kynningar- og viðskiptaáætlanir sem hentar viðskiptahugmynd þeirra
- tileinka sér skapandi lausnahugsun sem hann getur yfirfært og nýtt bæði í leik og starfi
- öðlast aukna trú á sjálfan sig í skapandi vinnu og þora að stíga út fyrir þægindarammann og vinna með eigin hugmyndir á sjálfstæðan og persónulegan hátt
- tjá sig og miðla þekkingu, hugmyndum og skoðunum fyrir framan hóp, bregðast við gagnrýni og sýna útsjónarsemi í óvæntum aðstæðum

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd